

Tryggingastærðfræðilegar ábendingar E 809

Ágæti viðskiptavinnur.

Eftirfarandi tryggingastærðfræðilegar ábendingar veita þér frekari upplýsingar um hlutdeild í hagnaðinum sem fjallað er um í Almennu tryggingarskilmálunum fyrir Grunnþáttinn. Tryggingastærðfræðilegu ábendingarnar gilda um eftirfarandi þætti:

- Áhættulíftryggingu (RisikoLebensversicherung)
- IðgjaldsendurgreiðsluSkírteini (BeitragsrückgewährPolice)
- Viðbótar örorkuskírteini (Ergänzende Berufsunfähigkeits Police)
- Sjálfstætt örorkuSkírteini (Selbstständige Berufsunfähigkeits Police)
- Örorkuskírteini Fjárfesting (BerufsunfähigkeitsPolice Invest)
- HeilsuVerndarSkírteini (KörperSchutzPolice)

Með kveðju,

Allianz Lebensversicherungs-AG

Almennt

Hagnaðarhlutarnir eru reiknaðir út fyrir hvern þátt fyrir sig.

Ef þú ert með þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum innifalinn sem viðbót við þáttinn Örorkulífeyrir eða við þáttinn Eftirlifendalífeyrir, þá er lýsing á hlutdeild þessara þátta í hagnaði að finna í Sérstöku skilmálunum, á viðkomandi stað.

Útreikningur hagnaðar

(1) Áhættulíftrygging (RisikoLebensversicherung)

a) Hafirðu samið um millifærslu

Reiknistuðullinn sem hagnaðarhlutdeildin miðast við er á greiðslutíma iðgjaldanna það iðgjald sem um var samið fyrir Áhættulíftrygginguna.

Ef tryggingin er iðgjaldsfrí öðlastu enga hlutdeild í hagnaði.

b) Hafirðu samið um „Bónus“:

Reiknistuðullinn sem hagnaðarhlutdeildin miðast við er höfuðstóllinn sem við ábyrgjumst: Tryggur höfuðstóll.

(2) Útreikningur hagnaðar við IðgjaldsendurgreiðsluSkírteini

Reiknistuðullinn, sem hlutdeild í hagnaði miðast við, er, á greiðslutíma iðgjaldanna, það iðgjald sem um var samið fyrir IðgjaldsendurgreiðsluSkírteini, en er Tryggur höfuðstóll við andlát fyrir iðgjaldsfríar tryggingar.

(3) Sjálfstætt örorkuSkírteini og Viðbótar örorkuSkírteini, hafi verið samið um millifærslu og ÖrorkuSkírteini Fjárfesting:

Reiknistuðullinn, sem hagnaðarhlutdeildin miðast við, er, á greiðslutíma iðgjaldanna, það iðgjald sem um var samið fyrir Örorkulífeyri.

Ef tryggingin er iðgjaldsfrí og ef hinn tryggði er ekki óvinnufær, þá er reiknistuðullinn, sem hagnaðarhlutdeildin miðast við, hinn tryggði örorkulífeyrir.

Við reglubundnar greiðslur örorkulífeyris er reiknistuðull fyrir árlegu hagnaðarhlutdeildina bótahöfuðstóll hins tryggða örorkulífeyris, eins og bótahöfuðstóllinn er reiknaður í lok síðastliðins tryggingarárs.

Hlutdeild sjóða í hagnaði

Hlutdeild sjóða í hagnaði er samtala þeirra hluta í hagnaðinum sem þeir sjóðir eiga, sem tryggingin byggir á. Reiknistuðull fyrir hlutdeild tiltekins sjóðs í hagnaði er fundinn þannig, að hlutdeildareiningarnar sem þessi sjóður á eru margfaldaðar með verðgildum eininganna, fyrsta dag mánaðarins. Ef fyrsti dagur mánaðarins er ekki virkur bankadagur, þá er notast við verðgildi eininganna á síðasta virka bankadegi undangengins mánaðar.

Hlutir einstakra sjóða í hagnaði eru, í upphafi hvers mánaðar, reiknaðir út með þeim árlegu prósentutölum hagnaðarhlutdeildar sem í gildi er fyrir einn mánuð. Verðgildin sem þannig fást eru lögð saman og þeim úthlutað.

(4) Sjálfstætt örorkuSkírteini og Viðbótar örorkuSkírteini, ef samið var um Hagnaðarlífeyri:

Reiknistuðullinn, sem hagnaðarhlutdeildin miðast við, er, á greiðslutíma iðgjaldanna og hjá iðgjaldsfríum tryggingum, áður en til örorku kemur, sá örorkulífeyrir sem tryggingin segir til um.

Ef um reglubundnar örorkubætur er að ræða, þá er reiknistuðullinn fyrir árlegu hagnaðarhlutdeildina bótahöfuðstóll hins tryggða örorkulífeyris (hugsanleg hagnaðarhlutdeild meðtalin), eins og bótahöfuðstóllinn reiknast í lok síðastliðins tryggingarárs.

(5) HeilsuVerndarSkírteini ef samið var um millifærslur:

Reiknistuðullinn, sem hagnaðarhlutdeildin miðast við, er, á greiðslutíma iðgjaldanna, það iðgjald sem um var samið fyrir trygginguna.

Ef tryggingin er iðgjaldsfrí og ef hinn tryggði er hvorki andlega né líkamlega heftur, þá er reiknistuðullinn sem hagnaðarhlutdeildin miðast við, tryggði lífeyririnn.

Ef um reglubundnar lífeyrisgreiðslur er að ræða er reiknistuðullinn fyrir árlegu hagnaðarhlutdeildina bótahöfuðstóll tryggða lífeyrisins, eins og bótahöfuðstóllinn reiknast í lok síðastliðins tryggingarárs.

(6) HeilsuVerndarSkírteini, ef samið var um Hagnaðarlífeyri og Hagnaðarhöfuðstól (Überschussrente und Überschusskapital):

Reiknistuðullinn, sem hagnaðarhlutdeildin miðast við, er, á greiðslutíma iðgjaldanna, tryggði lífeyririnn og tryggði höfuðstóllinn.

Ef tryggingin er iðgjaldsfrí og ef hinn tryggði er hvorki andlega né líkamlega heftur, þá er reiknistuðullinn sem hagnaðarhlutdeildin miðast við, tryggði lífeyririnn.

Ef um reglubundnar lífeyrisgreiðslur er að ræða, þá er reiknistuðullinn fyrir árlegu hagnaðarhlutdeildina bótahöfuðstóll tryggða lífeyrisins (hugsanleg hagnaðarhlutdeild meðtalin), eins og bótahöfuðstóllinn reiknast í lok síðastliðins tryggingarárs.

